

ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 854/2005/EB

2008/EES/44/24

frá 11. maí 2005

um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Enn er mikill vöxtur í notkun Netsins og nýrrar tækni, s.s. farsíma innan Bandalagsins. Jafnframt er hættan af þessari tækni, einkum fyrir börn, og misnotkun á henni áfram fyrir hendi og nýjar hættur og misnotkun koma í ljós. Til að stuðla að því að möguleikarnir, sem Netið og ný nettækni bjóða upp á, séu nýttir verður einnig að gera ráðstafanir til þess að gera notkun þessara miðla öruggari og vernda notendur fyrir óumbeðnu efni.

2) Í aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, þar sem Lissabon-áætlunin er útfærð, er miðað að því að stuðla að þróun á öruggri þjónustu, notkunarhugbúnaði og efni þar sem stuðst er við almennt tiltækt háhraðagrunnvirki. Meðal markmiða aðgerðaáætlunarinnar má nefna örugg upplýsingagrunnvirki, þróun, greiningu og miðlun bestu starfsvenja, setningu viðmiðana og fyrirkomulag til að samræma stefnumið sem tengjast upplýsinga-samfélaginu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 30.3.2006, bls. 22.

⁽¹⁾ Álit frá 16. desember 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. desember 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. apríl 2005.

3) Lagaraminn, sem verið er að setja innan Bandalagsins til að taka á vafaatriðum sem koma upp varðandi stafrænt efni í upplýsingasamfélaginu, nær nú yfir reglur er varða þjónustu á Netinu, einkum reglur um óumbeðinn tölvupóst sem sendur er í auglýsingaskyni, í tilskipuninni um einkalíf og rafræn fjarskipti ⁽³⁾ og um mikilvæga þætti er varða ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir, í tilskipuninni um rafræn viðskipti ⁽⁴⁾, sem og tilmæli til aðildarríkjanna, atvinnugreinarinnar og hlutadeigandi aðila og framkvæmdastjórnarinnar, ásamt leiðbeinandi viðmiðunarreglum um verndun ólögráða barna í tilmælum 98/560/EB ⁽⁵⁾.

4) Aðgerða er áfram þörf bæði að því er varðar efni sem getur verið skaðlegt börnum eða sem notendur hafa ekki beðið um, og að því er varðar ólöglegt efni, einkum barnaklám og efni sem lýsir kynþáttahatri.

5) Æskilegt er að komast að samkomulagi á alþjóðavettvangi um lagalega bindandi grundvallarreglur, en slíku samkomulagi er ekki auðvelt að ná. Jafnvel þótt það næðist nægði það í sjálfu sér ekki til að tryggja að reglunum sé hrundið í framkvæmd eða að þeir sem eru í hættu séu verndaðir.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafræna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendir lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar (Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48).

- 6) Í aðgerðaáætluninni um öruggari notkun Netsins (1999 til 2004), sem samþykkt var með ákvörðun nr. 276/1999/EB⁽¹⁾, er gert ráð fyrir fjármögnun Bandalagsins og það hefur leitt til ýmiss konar árangursríkra framtaksverkefna og haft í för með sér evrópskan virðisauka. Frekari fjármögnun mun stuðla að þróun nýrra framtaksverkefna á grundvelli þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin.
- 7) Enn er þörf hagnýtra ráðstafana til að hvetja notendur til þess að tilkynna ólöglegt efni til þeirra aðila sem eru í aðstöðu til að taka á slíkum málum, til þess að stuðla að því að fram fari mat á skilvirkni sífunartækni og setningu viðmiðunarreglna fyrir þessa tækni, til að miðla bestu starfsvenjum fyrir síðareglur, sem taka til almennt viðurkenndra hegðunarreglna, og til að upplýsa og fræða foreldra og börn um hvernig nýta megi möguleika nýrrar nettækni á öruggan hátt.
- 8) Nauðsynlegt er að aðildarríkin sjálf grípi til aðgerða í samvinnu við ýmsa aðila á vegum ríkisstjórna, héraðstjórna og sveitarfélaga sem og rekstraraðila neta, foreldra, kennara og skólastjórnendur. Bandalagið getur stuðlað að bestu starfsvenjum í aðildarríkjunum með því að gegna leiðbeinandi hlutverki bæði innan Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi og með því að styðja við setningu viðmiðana á Evrópuvísu, netsamstarf og hagnýtar rannsóknir.
- 9) Alþjóðlegt samstarf er einnig nauðsynlegt og hægt er að efla það, samræma, miðla því áfram og hrinda í framkvæmd með aðgerðum á grundvelli netsamstarfs Bandalagsins.
- 10) Þær ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja, í samræmi við það framkvæmdavald sem henni er falið með þessari ákvörðun, eru aðallega stjórnunarráðstafanir sem varða framkvæmd áætlunar sem hefur í för með sér veruleg áhrif á fjárlög í skilningi a-liðar 2. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾. Því ber að samþykkja þessar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð stjórnarnefndarinnar sem kveðið er á um í 4. gr. þeirrar ákvörðunar.
- 11) Framkvæmdastjórnin skal tryggja fyllingu og samvirkni áætlunarinnar með tilliti til skyldra framtaksverkefna og áætlana Bandalagsins, m.a. með því að taka mið af starfsemi annarra stofnana.
- 12) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga⁽³⁾.
- 13) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel fram markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni og að berjast gegn ólöglegu efni og efni sem notandi hefur ekki beðið um, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif í Evrópu, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrnefndri grein.
- 14) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 7. og 8. gr.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Markmið áætlunarinnar

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun Bandalagsins fyrir tímabilið 2005-2008 til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni, einkum fyrir börn, og að berjast gegn ólöglegu efni og efni sem notendur hafa ekki beðið um.

Áætlunin skal nefnast „framhaldsáætlunin um öruggari notkun Netsins“ (hér á eftir kölluð áætlunin).

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB frá 25. janúar 1999 um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrri nettækni með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum. (Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 1). Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningur eins og honum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtið. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

2. Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar, sem um getur í I. mgr., skal ráðast í eftirfarandi aðgerðir:

- a) að berjast gegn ólöglegu efni,
- b) að takast á við óumbeðið og skaðlegt efni,
- c) að stuðla að öruggara umhverfi,
- d) að vekja fólk til vitundar.

Starfsemin, sem hrinda á í framkvæmd með þessum aðgerðum, er sett fram í I. viðauka.

Áætluninni skal hrundið í framkvæmd í samræmi við III. viðauka.

2. gr.

Þátttaka

1. Lögaðilum með staðfestu í aðildarríkjunum er heimilt að taka þátt í áætluninni.

Lögaðilum með staðfestu í umsóknarlöndunum skal einnig frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við gildandi tvíhliða samninga við þessi lönd eða samninga sem fyrir liggur að gera.

2. Heimila má lögaðilum með staðfestu í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES-samningnum, þátttöku í áætluninni í samræmi við bókun 31. við þann samning.

3. Heimila má lögaðilum með staðfestu í þriðju löndum og alþjóðasamtökum þátttöku í áætluninni án fjárhagslegs stuðnings frá Bandalaginu ef slík þátttaka er þarft framlag til framkvæmdar áætluninni. Samþykkja skal ákvörðun um að leyfa slíka þátttöku í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

3. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja vinnuáætlun á grundvelli þessarar ákvörðunar.

3. Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin, í nánú samstarfi við aðildarríkin, tryggja að hún sé í almennu samræmi við og komi til fyllingar öðrum viðkomandi stefnum, áætlunum og aðgerðum Bandalagsins, einkum rannsókn- og tækniþróunaráætlunum Bandalagsins og áætlunum Daphne II ⁽¹⁾ og Modinis ⁽²⁾ sem og framhaldsáætluninni um rafrænt efni (eContentplus) ⁽³⁾.

4. Framkvæmdastjórnin skal bregðast við í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr., með tilliti til eftirfarandi:

- a) samþykkis og breytinga á vinnuáætluninni,
- b) sundurliðunar fjáráttgjalda,
- c) ákvörðunar á viðmiðunum og efni auglýsinga eftir tillögum í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 1. gr.,
- d) mats á verkefnum, sem lögð eru til samkvæmt auglýsingum eftir tillögum sem fjármagnaðar skulu af Bandalaginu, í þeim tilvikum þegar mat á áætlaðri fjárhæð framlags Bandalagsins nemur 500 000 evrum eða meira,
- e) allra frávika frá reglunum sem settar eru fram í III. viðauka,
- f) framkvæmdar ráðstafana til að meta áætlunina.

5. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina, sem um getur í 4. gr., um framvindu við framkvæmd áætlunarinnar.

4. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 803/2004/EB frá 21. apríl 2004 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins (2004 til 2008) um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne II-áætlunin) (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2003-2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukio net- og upplýsingaöryggi (Modinis) (Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1). Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB.

⁽³⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 456/2005/EB frá 9. mars 2005 um áætlun Bandalagsins til margra ára um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 1).

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. gr.

Eftirlit og mat

1. Til að tryggja að aðstoð Bandalagsins nýtist sem best skal framkvæmdastjórnin tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari ákvörðun séu metnar fyrir fram á skilvirkan hátt og háðar eftirfylgd og síðara mati.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd verkefna sem falla undir áætlunina. Framkvæmdastjórnin skal meta hvernig verkefni hafa verið framkvæmd og áhrif framkvæmdar þeirra til þess að meta hvort upphaflegum markmiðum hefur verið náð.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en um mitt ár 2006, senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni skýrslu um framkvæmd aðgerðanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin greina frá því hvernig fjárhæðin fyrir árin 2007-2008 samrýmist fjárhagsáætluninni. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir með hliðsjón af fjárlagagerð fyrir árin 2007-2008 til að tryggja að samræmi sé á milli árlegra fjárveitinga og fjárhagsáætlunarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram endanlega matskýrslu við lok áætlunarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu niðurstöður um megindlegt og eigindlegt mat sitt ásamt viðeigandi tillögum um breytingar á þessari ákvörðun. Senda skal niðurstöðurnar áður en lögð eru fram drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins fyrir árin 2007 og 2009.

6. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd aðgerða Bandalagsins samkvæmt þessari ákvörðun er hér með fastsettur við 45 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008, og þar af eru 20 050 000 evrur fyrir tímabilið fram til 31. desember 2006.

Fjárhæðin skal teljast staðfest fyrir tímabilið eftir 31. desember 2006 ef hún er, að því er varðar viðkomandi áfanga, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.

Árlegar fjárveitingar fyrir tímabilið 2005-2008 skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

2. Í II. viðauka er að finna leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.

7. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 11. maí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. P. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

I. VIÐAUKI

ADGERDIR

1. ADGERÐ 1: BARÁTTA GEGN ÓLÖGLEGU EFNÍ

Ábendingalínur gera almenningi kleift að tilkynna ólöglegt efni. Um þær eru tilkynningarnar sendar áfram til viðeigandi stofnunar (netþjónustuveitu), lögreglu eða samsvarandi ábendingalínu svo hægt sé að grípa til aðgerða. Borgaralegar ábendingalínur eru til viðbótar ábendingalínum lögreglunnar þar sem þær eru fyrir hendi. Hlutverk þeirra er frábrugðið hlutverki löggæslufyrivalda að því leyti að þær eiga ekki þátt í að rannsaka brot né gegna því hlutverki að láta handtaka eða lögsækja brotlega aðila. Þær geta verið miðstöðvar fyrir sérþekkingu sem eru til leiðbeiningar netþjónustuveitum við að ákvarða hvaða efni kann að vera ólöglegt.

Núverandi net ábendingalína er einstakt að uppbyggingu og ekki hefði verið hægt að koma því á fót án fjárveitingar frá Bandalaginu. Eins og bent er á í matsskýrslunni frá 2002 um aðgerðaáætlun um öruggari notkun Netsins hefur mjög góður árangur náðst í að fjölga aðilum að þessu neti og nær það nú víða um heim. Til þess að ábendingalínur geti þróast til fulls er nauðsynlegt að tryggja dreifingu og samstarf um alla Evrópu og auka skilvirkni með miðlun upplýsinga, bestu starfsvenja og reynslu. Einnig er rétt að nota sjóði Bandalagsins til að vekja almenning til vitunar um ábendingalínur og gera þær þar með skilvirkari.

Fjármagni verður veitt til ábendingalína, sem valdar verða eftir að auglýst hefur verið eftir tillögum, til að gegna hlutverki „hnúta“ (n.k. miðstöðvar, e. nodes) í netinu og eiga að vinna með öðrum hnútum innan evrópska ábendingalínunetsins.

Ef nauðsyn ber til væri hægt að styrkja hjálparáþjónustu þar sem börn gætu látið í ljós áhyggjur sínar varðandi ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu.

Til að meta skilvirkni ábendingalína ber að taka mið af allmörgum þáttum. Safna skal saman meginlegum og eigindlegum gögnum um stofnun og starfsemi ábendingalína, fjölda innlendra miðstöðva, landfræðilega dreifingu í aðildarríkjunum, fjölda móttekina tilkynninga, fjölda starfsfólks hjá ábendingalínum og reynslu þess, tilkynningar sem sendar eru til opinberra yfirvalda og netþjónustuveitna vegna aðgerða og, að því marki sem því verður við komið, aðgerðir sem gripið er til í kjölfarið, einkum um fjölda og tegundir þeirra vefsíðna sem netþjónustuveitur fjarlægja í kjölfar upplýsinga frá ábendingalínum. Þessi gögn skulu gerð opinber, ef unnt er, og send áfram til lögbærra yfirvalda.

Til að tryggja skilvirkni áætlunarinnar þurfa ábendingalínur að vera í öllum aðildarríkjunum og umsóknarlöndunum þar sem enn eru engar ábendingalínur. Þessar nýju ábendingalínur skulu teknar upp í núverandi evrópskt net ábendingalína á skjótan og skilvirkan hátt. Styrkir skulu veittir til þess að flýta því ferli að koma á ábendingalínum. Efla skal tengingar milli þessara neta og ábendingalína í þriðju löndum (einkum í öðrum Evrópulöndum þar sem ólöglegt efni er hýst og framleitt) þannig að hægt verði að þróa sameiginlegar aðferðir og miðla verkunnáttu og bestu starfsvenjum. Í samræmi við innlenda löggjöf, og eftir því sem við á og nauðsyn ber til, verður að bæta fyrirkomulag á samstarfi milli borgaralegra ábendingalína og löggæslufyrivalda, þ.m.t., svo dæmi sé tekið, að þróa siðareglur fyrir slíkar ábendingalínur. Eftir því sem við á kann að vera þörf fyrir að starfsfólk ábendingalína fái lagalega og tæknilega hjálfun. Virk þátttaka ábendingalína í netsamstarfi og starfsemi yfir landamæri mun vera skyldubundin.

Ábendingalínur skulu tengdar framtaksverkefnum aðildarríkjanna, njóta stuðnings á landsvísu og vera fjárhagslega hagkvæmar til þess að tryggja áframhaldandi rekstur þeirra eftir að þessari áætlun lýkur. Sameiginleg fjármögnun er ætluð borgaralegum ábendingalínum en ekki ábendingalínum lögreglunnar. Notendur ábendingalína verða upplýstir um muninn á starfsemi þessara lína og starfsemi opinberra yfirvalda og athygli þeirra vakin á öðrum leiðum til að tilkynna ólöglegt efni.

Til þess að ná sem mestum áhrifum og skilvirkni með þeirri fjármögnun sem stendur til boða verður ábendingalínunetið að starfa á eins skilvirkan hátt og við verður komið. Þessu verður best náð með því að tilnefna samræmingarmiðstöð fyrir netið sem mun auðvelda ábendingalínum að koma sér saman um að þróa, á vettvangi Evrópu, viðmiðunareglur, starfsaðferðir og – venjur þar sem gildandi takmarkanir samkvæmt innlendum lögum um einstakar ábendingalínur eru virtar.

Hlutverk samræmingarmiðstöðvarinnar verður:

- að kynna netið í heild sinni svo að það verði sýnilegt alls staðar í Evrópu, og vekja almenning til vitundar um það alls staðar í Evrópusambandinu, með því t.d. að hafa eitt kenni og aðgangsstað sem veitir beinan aðgang að viðeigandi innlendum tengiliðum,

- að mynda tengsl við viðeigandi stofnanir í því skyni að ljúka útbreiðslu netsins þannig að það nái til aðildarríkjanna og umsóknarlandanna,
- að auka skilvirkni í rekstri netsins,
- að semja viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur fyrir ábendingalínur og að lagaða þær að nýrri tækni,
- að skipuleggja regluleg skipti á upplýsingum og reynslu á milli ábendingalínanna,
- að sjá til þess að til staðar sé hópur sérfræðinga til að annast ráðgjöf og þjálfun við að koma á nýjum ábendingalínum, einkum í umsóknarlöndunum,
- að tryggja tengingu við ábendingalínur í þriðju löndum,
- að viðhalda nánu samstarfi við samræmingarmiðstöðina fyrir vitundarvakningu (sjá 4. lið hér á eftir) svo að heildstæði og skilvirkni í starfsemi heildaráætlunarinnar sé tryggt og almenningur sé meðvitaðri um ábendingalínurnar,
- að taka þátt í samstarfsvettvanginum fyrir öruggara Net og öðrum viðburðum sem málið varðar, og samræma ílag og svörum frá ábendingalínum.

Samræmingarmiðstöðin mun hafa eftirlit með skilvirkni ábendingalína og safna nákvæmum og þýðingarmiklum tölfræðilegum upplýsingum um rekstur þeirra (fjöldi og gerð móttekinnna tilkynninga, aðgerðir sem gripið er til og niðurstöður, o.s.frv.). Þessar tölfræðilegu upplýsingar skulu samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna.

Net ábendingalína skal tryggja meðferð og skipti á upplýsingum um helstu tegundir af ólöglegu efni sem gefa tilefni til áhyggna – þ.e. ekki eingöngu barnaklám. Þörf kann að vera á annars konar fyrirkomulagi og sérfræðipækkingu til að fást við önnur svið, s.s. kynþáttahatur, og því kunna að koma við sögu annars konar miðstöðvar sem fjalla um mismunandi málefni. Þar eð fjárhags- og stjórnunarúræði áætlunarinnar eru takmörkuð er ekki víst að allar slíkar miðstöðvar fái fjárstyrk. Þess í stað kann hann að miðast við að efla hlutverk samræmingarmiðstöðvar á þeim sviðum.

2. AÐGERÐ 2: MEÐHÖNDLUN Á ÓUMBEDNU OG SKAÐLEGU EFNI

Auk aðgerða til að berjast gegn ólöglegu efni við uppruna þess geta notendur, eða ábyrgir fullorðnir aðilar, ef notendur eru ólöggráða börn þurft á tæknibúnaði að halda. Hægt er að auka aðgengi að þessum búnaði svo notendur geti tekið eigin ákvarðanir um hvernig meðhöndla eigi óumbedið og skaðlegt efni (frumkvæðisréttur notanda).

Frekari fjármögnun skal veitt til að auka tiltækar upplýsingar um nothæfi og skilvirkni síunarhugbúnaðar og -þjónustu svo að notendur geti tekið upplýsta ákvörðun. Samtök notenda og rannsóknarstofnanir á sviði vísinda geta verið gagnlegir samstarfsaðilar í þessu átaki.

Flokkunarkerfi og gæðamerkingar ásamt síunartækni geta auðveldað notendum að velja efni sem þeir óska eftir og veita foreldrum og kennurum í Evrópu nauðsynlegar upplýsingar til að taka ákvarðanir sem eru í samræmi við menningarleg og málfarsleg gildi þeirra. Í ljósi niðurstaðna úr fyrri verkefnum væri hægt að veita fjármagni til verkefna sem miða að því að laga flokkunarkerfi og gæðamerkingar að samleitni fjarskipta, hljóð- og myndmiðla og upplýsingatækni og til framtaksverkefna sem miða að sjálfseftirliti og auka þannig áreiðanleika sjálfsmerkinga og til þjónustu miðar að því að meta hvort slíkar merkingar, byggðar á sjálfsflokkun, séu réttar. Einnig kann að vera þörf á frekari vinnu til að hvetja þá sem bjóða fram efni (gagnaveitur) til að taka upp flokkunarkerfi og gæðamerkingar.

Æskilegt væri að reyna að taka mið af öruggri notkun fyrir börn á nýrri tækni þegar hún er þróuð, í stað þess að leysa hugsanleg vandamál af henni eftir á. Öryggi notandans er viðmiðun sem ber að taka tillit til ásamt tæknilegum og viðskiptalegum atriðum. Ein leiðin til að gera þetta er að stuðla að skoðanaskiptum milli sérfræðinga um velferð barna og tæknilegra sérfræðinga. Þó skal taka tillit til þeirrar staðreyndar að ekki eru allar vörur sem þróaðar eru fyrir netheima ætlaðar börnum til notkunar.

Fjármagni verður því veitt innan ramma áætlunarinnar til tæknilegra ráðstafana sem uppfylla þarfir notenda og gera þeim kleift að takamarka magn úmbeðins og skaðlegs efnis og meðhöndla óæskilegan amapóst sem þeir móttaka, þ.m.t. verkefni sem miða að því:

- að meta skilvirkni tiltækra síunartækni og veita almenningi þessar upplýsingar á skýran, einfaldan hátt sem auðveldar samanburð,
- að auðvelda og samræma skipti á upplýsingum og bestu starfsvenjum um skilvirkar leiðir til að meðhöndla óæskilegt og skaðlegt efni,
- að stuðla að því að þeir sem bjóða fram efni noti í auknum mæli efnisflokkun og gæðamerkingar fyrir vefsetur og að aðlaga þessa flokkun og merkingar þannig að tekið sé mið af framboði sama efnis eftir mismunandi leiðum (samleitni),
- að stuðla að því, ef nauðsyn ber til, að gera síunartækni aðgengilega, einkum á tungumálum sem markaðurinn sinnir ekki nægilega vel. Tæknin sem notuð er skal, eftir því sem við á, vernda friðhelgi einkalífsins samkvæmt tilskipun 95/46/EB⁽¹⁾ og 2002/58/EB.

Hvatt verður til notkunar tækniráðstafana sem stuðla að friðhelgi einkalífsins. Við starfsemi samkvæmt þessari aðgerð verður tekið fullt tillit til ákvæða rammatilskipunar ráðsins 2005/222/DIM frá 24. febrúar 2005 um árásir á upplýsingakerfi⁽²⁾.

Framkvæmd þessarar aðgerðar verður vandlega samræmd aðgerðum sem miða að því að stuðla að öruggara umhverfi (sjálfseftirlit) og vekja almenning til vitundar (upplýsa almenning hvernig meðhöndla skuli úmbeðið og skaðlegt efni).

3. AÐGERÐ 3: AÐ STUÐLA AÐ ÖRUGGARA UMHVERFI

Vel starfandi kerfi fyrir sjálfseftirlit er grundvallaratriði til að takmarka flæði úmbeðins, skaðlegs og ólöglegs efnis. Sjálfseftirlit tekur til allmargra þátta sem eru: samráð við og hæfileg þátttaka hlutaðeigandi aðila, siðareglur, innlendir stofnanir sem auðvelda samvinnu á vettvangi Bandalagsins og mat á innlendum vettvangi, á römmum fyrir sjálfseftirlit⁽³⁾. Áfram er þörf á vinnu Bandalagsins á þessu sviði til að hvetja til þess að siðareglur verði teknar upp innan atvinnugreina þeirra sem starfa á sviði Netsins og nýrrar nettækni í Evrópu.

Samstarfsvettvangurinn fyrir öruggara Net, sem var þróaður 2004 samkvæmt aðgerðaáætluninni um öruggari notkun Netsins, á að verða umræðuvettvangur fyrir fulltrúa atvinnulífsins, löggæslufirvalda, stefnumótunaraðila og samtaka notenda (t.d. foreldra- og kennarasamtaka, barnaverndarhópa, neytendaverndarstofnana og samtaka um borgarleg og stafræn réttindi). Það mun vera samstarfsvettvangur sem gerir innlendum aðilum, sem annast sameiginlegt eftirlit eða sjálfseftirlit, kleift að miðla reynslu sinni og gefur þeim tækifæri til að ræða hvernig iðnaðurinn getur lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn ólöglegu efni.

Samstarfsvettvangurinn fyrir öruggara Net mun verða miðpunktur samráðs milli sérfræðinga og vettvangur til að ná samkomulagi og setja fram niðurstöður, tilmæli, viðmiðunarreglur, o.s.frv. fyrir viðkomandi innlendir og evrópskar rásir.

Samstarfsvettvangurinn fyrir öruggara Net mun taka til allra aðgerða, auðvelda samráð og hvetja til aðgerða sem varða ólöglegt, úmbeðið og skaðlegt efni. Með allsherjarfundum sínum og, ef nauðsyn ber til vegna sérstakra málefna, vinnuhópum sem hafa skýr markmið og tímamörk, verður það fundarstaður fyrir aðila á öllum sviðum, þ.m.t. ríkisstofnanir og áætlanir, staðlastofnanir, iðnaðurinn, þjónustustofnanir framkvæmdastjórnarinnar og samtök notenda (t.d. foreldra- og kennarasamtök, barnaverndarhópar, neytendaverndarstofnanir og stofnanir um borgarleg og stafræn réttindi). Samstarfsvettvangurinn mun veita fólki sem er virkt á innlendum vettvangi og innan Evrópu, einkum þeim sem taka þátt í áætlunum og framtaksverkefnum aðildarríkis, tækifæri til þess að miðla skoðunum sínum, upplýsingum og reynslu. Eftir því sem við á skal samstarfsvettvangurinn fyrir öruggara Net miðla upplýsingum og eiga samstarf við viðeigandi samtök sem eru virk á skyldum sviðum, s.s. á sviði net- og upplýsingaöryggis.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga 95/46/EB (Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31). Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 69, 16.3.2005, bls. 67.

⁽³⁾ Sjá leiðbeinandi viðmiðunarreglur um framkvæmd, á innlendum vettvangi, á ramma fyrir sjálfseftirlit vegna verndunar ólöggráðra barna og manngerar reisnar í nettengdum hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum í tilmælum 98/560/EB.

Sérstök markmið samstarfsvettvangsins fyrir öruggara Net verða:

1. að hvetja til netsamstarfs milli viðeigandi stofnana innan aðildarríkjanna og þróa tengsl við sjálfseftirlitsstofnanir utan Evrópu,
2. að hvetja til almenns samkomulags og sjálfseftirlits í málum eins og flokkun á vefsíðum eftir gæðum, flokkun á efni ýmissa miðla, flokkunar- og síunaraðferðum þannig að þær taki til nýrra tegunda efnis, s.s. netleikja, og nýs aðgangsforms, s.s. farsíma,
3. að hvetja þjónustuveitendur til þess að semja siðareglur um málefni eins og t.d. aðferðir til að fjarlægja ólöglegt innihald („handling notice and take down procedures“) á gagnsæjan og áreiðanlegan hátt og upplýsa notendur um öruggari notkun Netsins og að til eru ábendingalínur til að tilkynna ólöglegt efni,
4. að efla rannsóknir á skilvirkni flokkunarverkefna og síunartækni. Samtök notenda og rannsóknarstofnanir á sviði vísinda kunna að vera gagnlegir samstarfsaðilar í þessu átaki.

Útkoma og niðurstöður yfirstandandi verkefna og þeirra verkefna sem lokið hefur verið við og fá sameiginlega fjármögnun samkvæmt áætluninni, verða hluti af ferlinu. Sem opin vettvangur mun samstarfsvettvangurinn stuðla að því að vekja almenning í umsóknarlöndunum og þriðju löndum til vitundar og styrkja þátttöku þeirra og verða þar með alþjóðlegur mótsstaður þar sem fjallað er um hnattrænt vandamál. Hann mun því tryggja að lykilstofnanir, s.s. samtök notenda (t.d. foreldra- og kennarasamtök, barnaverndarhópar, neytendaverndarstofnanir og samtök um borgaraleg og stafræn réttindi), atvinnugreinar og opinberir aðilar séu upplýst um framtaksverkefni um öruggara Net innan Bandalagsins og á alþjóðavettvangi, þau höfð með í ráðum og leggi sitt af mörkum til þeirra.

Þátttaka í samstarfsvettvanginum fyrir öruggara Net verður opin hagsmunaaðilum utan Bandalagsins og frá aðildarlöndunum. Alþjóðleg samvinna verður aukin með hringborðsumræðum sem tengjast samstarfsvettvanginum til að tryggja reglulegt samráð um bestu starfsvenjur, siðareglur, sjálfseftirlit og gæðaflokkun. Framkvæmdastjórnin mun tryggja að samlegð við skylda samstarfsvettvanga og sambærileg framtaksverkefni sé nýtt til fulls.

Hugsanlega verður efnt til útboða til að setja upp skrifstofu til að styðja við samstarfsvettvanginn fyrir öruggara Net, þ.m.t. fyrir sérfræðinga á ýmsum sviðum sem geta bent á rannsóknarefni, undirbúið vinnuskjöl, stjórnað umræðum og skráð niðurstöður.

Önnur tegund af starfsemi, sem getur fengið fjárstuðning á vettvangi Bandalagsins, gæti t.d. verið verkefni tengd sjálfseftirliti sem miða að því að útbúa siðareglur sem ná yfir landamæri. Hægt verður að veita ráð og aðstoð í því skyni að tryggja samvinnu á vettvangi Bandalagsins með netsamstarfi viðeigandi stofnana innan aðildarríkjanna og umsóknarlandanna og með kerfisbundinni endurskoðun og skýrslugjöf um viðkomandi lagaleg og stjórnsýsluleg málefni til að þróa matsaðferðir og vottun á sjálfseftirliti til að veita þeim löndum skilvirka aðstoð sem óska eftir að setja upp sjálfseftirlitsstofnanir og að efla tengslin við sjálfseftirlitsstofnanir utan Evrópu.

4. AÐGERÐ 4: VITUNDARVAKNING

Aðgerðir á sviði vitundarvakningar skulu taka til ýmissa flokka af ólöglegu, óumbeðnu og skaðlegu efni (þ.m.t. efni sem talið er óæskilegt börnum og efni sem lýsir kynþáttahatri og útlendingafordómum) og skulu, eftir því sem við á, taka mið af tengdum málefnum varðandi neytendavernd, gagnavemd sem og upplýsinga- og Netöryggi (veitur/amapóstur). Rétt er að þær taki til efnis sem dreift er á veraldarvefnum, sem og nýrra tegunda gagnvirkra upplýsinga og fjarskipta, sem leiðir af hinni öru útbreiðslu Nets og farsíma (t.d. þjónusta um jafningjanet (peer-to-peer), myndbönd á háhraðaneti, snarsamband (instant messaging), spjallrásir, o.s.frv.

Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að gera ráðstafanir sem hvetja til hagkvæmra leiða við dreifingu upplýsinga til mjög margra notenda, einkum með því að nýta kynningarfyrrtæki og rafrænar miðlunarrásir til að ná til fyrirhugaðra markhópa. Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa í huga notkun fjölmiðla og dreifingu á upplýsingaefni til skóla og Netkaffihúsa.

Áætlunin mun styðja við viðeigandi stofnanir, sem verða valdar í kjölfar opins útboðs, til að starfa sem vitundarvakningarmiðstöðvar í öllum aðildarríkjunum og umsóknarlöndunum og munu hrinda í framkvæmd aðgerðum á sviði vitundarvakningar og áætlunum í náinni samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila á lands-, svæða- og staðarvísu. Samræmingarmiðstöð, sem mun starfa náið með öðrum miðstöðvum til að tryggja að bestu starfsvenjum sé miðlað, hefur í för með sér evrópskan virðisauka.

Stofnanir, sem vilja starfa sem vitundarvakningarmiðstöðvar, verða að sýna fram á að þær njóti öflugs stuðnings innlendra yfirvalda. Þær verða að hafa fullt umboð til þess að fræða almenning um öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni eða þjálfá í fjölmiðla- og upplýsingalæsi og verða að hafa nægt fjármagn til þessa að nýta þetta umboð.

Vitundarvakningarmiðstöðvum er ætlað:

- að móta heildstætt, öflugt og markvisst átak til að vekja almenning til vitundar með því að nota heppilegustu miðlana, að teknu tilliti til bestu starfsvenja og reynslu í öðrum löndum,
- að koma á og viðhalda samvinnu (formlegri eða óformlegri) við helstu aðila (ríkisstofnanir, fréttamiðla og fjölmiðlahópa, netþjónustuveitur, samtök notenda og hagsmunaaðila á sviði menntamála) og leiða aðgerðir innanlands sem tengjast öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni,
- að efla skoðana- og upplýsingaskipti, einkum milli hagsmunaaðila á sviði mennta- og tæknimála,
- að vinna saman, eftir því sem við á, á sviðum sem tengjast þessari áætlun, s.s. á breiðari sviðum fjölmiðla- og upplýsingalæsis eða neytendaverndar,
- að upplýsa notendur um evrópskan síunarhugbúnað og þjónustu og um ábendingalínur og áætlanir um sjálfseftirlit,
- að hafa virkt samstarf við aðrar innlendar miðstöðvar í evrópska netinu með því að skiptast á upplýsingum um bestu starfsvenjur, þátttöku í fundum og mótun og framkvæmd evrópskrar aðferðar sem eftir þörfum er lögð að málfarslegum og menningarbundnum viðhorfum í heimalöndunum,
- að sjá til þess að til staðar sé hópur sérfræðinga og tækniástoð fyrir nýjar vitundarvakningarstöðvar (stöðvar með meiri reynslu gætu „tekið að sér“ nýjar stöðvar).

Til að tryggja sem mesta samvinnu og skilvirkni munu samræmingarmiðstöðvarnar fá stuðning til að veita miðstöðvum í hverju aðildarríki ástoð varðandi flæðistjórnun og grunnvirkjaaðstoð, svo starfsemin verði sýnileg alls staðar í Evrópu og góð fjarskipti og miðlun reynslu tryggð þannig að hægt sé að nýta fengna reynsla jafnóðum (t.d. með því að aðlaga efni sem er notað til að vekja almenning til vitundar).

Samræmingarmiðstöðin skal:

- sjá til þess að fjarskipti séu skilvirk og tryggja að upplýsingum og bestu starfsvenjum sé miðlað innan netsins,
- sjá starfsfólki vitundarvakningarmiðstöðva fyrir þjálfun í öruggari notkun Netsins og nýrri nettækni (menntun kennara),
- veita umsóknarlöndunum, sem óska eftir að koma á aðgerðum á sviði vitundarvakningar, tæknilega ástoð,
- samræma þá sérfræði- og tækniástoð sem vitundarvakningarmiðstöðvar veita nýjum vitundarvakningarmiðstöðvum,
- gera tillögu um vísbenda og stjórna söfnun, greiningu og skiptum á tölulegum upplýsingum um vitundarvakningarstarfsemi svo hægt sé að meta áhrif hennar,

- láta í té grunnvirki fyrir eitt yfirgrípsmikið, fjölþjóðlegt gagnasafn (vefgátt) með viðeigandi upplýsingum og gögnum sem nýtast til vitundarvakningar meðal almennings og til rannsókna með staðbundnu efni (eða undirsetrum, eftir því sem við á), sem getur innihaldið fréttayfirlit, greinar og mánaðarleg fréttabréf á mörgum málum og gert starfsemi samstarfsvettvangsins fyrir Öruggara Net sýnilega,
- efla tengslin við aðra starfsemi á sviði vitundarvakningar utan Evrópu,
- taka þátt í samstarfsvettvanginum fyrir Öruggara Net og öðrum viðburðum sem málið varðar, og samræma framlag/svörun frá vitundarvakningarnetinu.

Einnig verða rannsóknir gerðar á sambærilegan hátt á því hvernig fólk, einkum börn, nota nýja nettækni. Frekari aðgerðir á vettvangi Bandalagsins gætu t.d. falið því að styðja sérstaka barnvæna Netþjónustu eða að veita verðlaun fyrir bestu starfsemi á sviði vitundarvakningar á árinu.

II. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

1.	Barátta gegn ólöglegu efni	25-30%
2.	Meðhöndlun á óumbeðnu og skaðlegu efni	10-17%
3.	Stuðlað að öruggara umhverfi	8-12%
4.	Vitundarvakning	47-51%

III. VIÐAUKI

LEIÐIR TIL AÐ HRINDA AÐGERÐAÁÆTLUNINI Í FRAMKVÆMD

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma áætlunina í samræmi við tæknilegu atriðin sem tilgreind eru í I. viðauka.
2. Áætluninni verður hrundið í framkvæmd með óbeinni aðgerð sem felur í sér:
 - a) Kostnaðarskiptar aðgerðir:
 - i. Tilraunaverkefni og aðgerðir varðandi bestu starfsvenjur. Sérstök verkefni á sviðum sem skipta máli fyrir áætlunina, þ.m.t. verkefni þar sem sýnt er fram á bestu starfsvenjur eða sem fela í sér nýja notkun á fyrirliggjandi tækni.
 - ii. Net: net sem tengja saman ýmsa hagsmunaaðila til að tryggja aðgerðir alls staðar í Evrópusambandinu og til að auðvelda samræmingu á starfsemi og miðlun þekkingar. Tengja má slík net aðgerðum á sviði bestu starfsvenja.
 - iii. Hagnýtar rannsóknir alls staðar í Evrópu, sem fram fara á sambærilegan hátt, á því hvernig fólk, einkum börn, notar nýja nettækni.

Fjárframlag Bandalagsins mun að öllu jöfnu ekki fara yfir 50% af kostnaði við verkefnið. Endurgreiða má opinberum stofnunum allan viðbótarkostnað til fulls..

- b) Hliðarráðstafanir:

Eftirfarandi hliðarráðstafanir munu stuðla að framkvæmd áætlunarinnar eða undirbúningi fyrir framtíðarstarfsemi.

- i. Setning viðmiðana og viðhorfskannanir sem safnað er með sambærilegum aðferðum til að fá áreiðanlegar upplýsingar um öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni fyrir öll aðildarríkin.
- ii. Tæknilegt mat á tækniáðferðum, s.s. síun, sem ætlað er að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni. Í þessu mati verður einnig tekið mið af því hvort þessar tækniáðferðir stuðla að aukinni verndun á friðhelgi einkalífsins.
- iii. Rannsóknir til stuðnings áætluninni og aðgerðum hennar, þ.m.t. sjálfsefurlit og starf samstarfsvettvangsins fyrir öruggara Net, eða undirbúningur fyrir framtíðarstarfsemi.
- iv. Verðlaunasamkeppni um bestu starfsvenjur.
- v. Upplýsingaskipti, ráðstefnur, málstofur, vinnufundir eða aðrir fundir og stjórnun á klasastarfsemi.
- vi. Miðlunar-, upplýsinga- og fjarskiptastarf.

Ráðstafanir til að koma framleiðslu, ferli eða þjónustu í verð, markaðsstarfsemi og söluherferðir eru undanskildar.

3. Val á kostnaðarskiptum aðgerðum mun byggjast á auglýsingum eftir tillögum sem eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við gildandi fjárhagsákvæði.
 4. Með umsóknum um fjármögnun Bandalagsins ætti, þar sem það á við, að leggja fram fjárhagsáætlun þar sem allir fjármögnunarliðir verkefnanna eru tilgreindir, m.a. sá fjárstuðningur sem óskað var eftir frá Bandalaginu, sem og allar aðrar beiðnir um stuðning eða stuðningsveiting úr öðrum áttum.
 5. Hliðarráðstafanir verða gerðar með því að efna til útboðs í samræmi við gildandi fjárhagsákvæði.
-